

Mánudaginn 21. febrúar 2011
Hilton Nordica Reykjavík

Félagsfundur



Óvissa á vinnumarkaði

Samræmd launastefna, sjávarútvegsmál og verklegar framkvæmdir

Fundarstjóri er Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI



Staða og horfur í kjaraviðræðum

Helgi Magnússon, formaður SI



Hagvaxtarstefna og atvinnuleið

Eftir Helga Magnússon

Sú var tíð að íslenskur iðnaður og sjávarútvegur tókust á um kvótakerfið og sjávarútvegsstefnu landsmanna. Þeirri umræðu er ekki lokið og mikilvægt er að sem best sátt náist um auðlinda-stefnu Íslendinga, jafnt til lands og sjávar. Það er viðamikilð verkefni að ná breiðri samstöðu um þetta mikilvæga mál. Við lausn þess þarf að beita skipulegum og öguðum vinnubrögðum sem eru til þess fallin að leiða til sanngjarnrar niðurstöðu og sáttar. Það gengur ekki að nálgaast þetta verkefni með hávaða og látum á pólitískum uppboðsmarkaði. Eins þarf að velja tímenn rétt og sá tími er ekki núna þegar þjóðin þarf að forgangsraða þannig að unnt reynist að eyða atvinnuleysi, bæta lífskjör fólks og efla fyrirtækin í



Helgi Magnússon

landinu til dáða á ný. Til þess þarf myndarlegan hagvöxt strax á þessu ári og hann næst ekki nema allar atvinnugreinar geti virk að af fullum krafti.

Minnstu fjárfestingar í 70 ár

Á síðasta ári var samdráttur á vinnu- markaði samkvæmt nýrri skýrslu Hagstofunnar. Það voru fleiri

atvinnulausir og vinnutími styttri en árið áður. Í árslok voru 14.000 atvinnulausir. Fjárfestingar í hagkerfinu eru nú minni en nokkru sinni síðustu 70 árin. Við þessar aðstæður eru Íslendingar ekki á leið út úr kreppunni. Við þessar aðstæður náum við ekki 5% hagvexti á ári næstu árin og án myndarlegs hagvaxtar eyðum við atvinnuleysinu ekki og náum ekki að auka kaupmátt. Við þessar aðstæður sköpum við ekki 2.000 ný störf fyrir þá sem

» Í árslok voru 14.000 atvinnulausir. Fjárfestingar í hagkerfinu eru nú minni en nokkru sinni síðustu 70 árin. Við þessar aðstæður eru Íslendingar ekki á leið út úr kreppunni.

koma út á vinnu- markaðinn á ári. Við þessar aðstæður missum við öflugt og vel menntað fólk úr landi. Það yrði þjóðinni dýrkeypt til skemmri og lengri tíma lítið. Til að snúa þessari óheillaþróun við þarf að skapa skilyrði fyrir nýjar fjárfestingar og þá sérstaklega í útflutningsgreinum. Þá er átt við greinar sem nýta orku til framleiðslu sinnar, sjávarútveg, sprotafyrirtæki, ferðaþjónusta, hugverkaíðnað, hátækniíðnað, matvælaframleiðslu – íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Eyðum óvissu

Samtök atvinnulífsins telja að þessi markmið náist ekki nema að samhliða gerð kjarasamninga verði eytt óvissu varðandi virkjanaframkvæmdir og orkufrekan iðnað og eins að sátt náist milli stjórnvalda og hagsmunaaðila í sjávarútvegi á grundvelli niðurstöðu svokallaðrar sáttanefndar. Sú óvissa sem skapast hefur í sjávarútvegi kemur í veg fyrir fjárfestingar í greininni og að ráðist sé í viðhald fjármuna. Það veldur truflun í ýmsum öðrum greinum, m.a. í málmíðnaði og mannvirkjagerð. Þá vilja Samtök atvinnulífsins lagfæringar á sviði skattamála, t.d. lækkun atvinnuleysisstryggingargjalds sem er mjög íþyngjandi í mannaflsfrekum greinum. Almennt er skattlagning á Íslandi komin út fyrir viðunandi mörk og farin að valda skaða. Þá er minnt á loforðin frá stöðugleikasáttmálanum vorið 2009 um stórt átak í opinberum framkvæmdum með lánsfé frá lífeyr-

issjóðum. Það hefur ekki gengið eftir – frekar en svo margt sem samið var um í þeim stöðugleikasáttmála og hefur verið svikið af stjórnvöldum. Ég styð þessa stefnumörkun Samtaka atvinnulífsins og finn að hún á góðan hljómgrunn innan iðnaðarins þó að auðvitað séu ekki allir með sömu áhrerslur.

Það er mikill misskilningur að kröfur atvinnurekenda snúist einungis um fiskveiðistjórnunarkerfið. Reynt er að gera önnur samtök en sjávarútvegs tortryggileg með því að segja þau gangi erinda LÍÚ varðandi ágreining þeirra og stjórnvalda. Við erum að ganga erinda alls atvinnulífsins í þeirri vegferð að koma hér á öflugum hagvexti að nýju með atvinnuleið í stað atvinnuleysisleiðar. Þannig viljum við eyða atvinnuleysi, auka kaupmátt og bæta hag fyrirtækja. Þannig göngum við erinda allrar þjóðarinnar.

Höfundur er formaður Samtaka iðnaðarins og stjórnarmaður í Samtökum atvinnulífsins.



9.2.2011

Sjónvarpið Fréttir 22:00

Fréttamaður: Berglind Hasler
Tími: 00:01:10

LÍÚ vilji verkfall

Formaður Rafiðnaðarsambands Íslands segir að LÍÚ, með stuðningi frá Samtökum atvinnulífsins, vilji ekkert frekar en verkfall. Það sé þeirra besta vopn til að fá ríkisstjórnina til að fallast á kröfur sínar.

Miðstjórn ASÍ ályktaði eftir fund sinn í dag og hvatti Samtök atvinnulífsins til að fara að landslögum og hefja þegar í stað alvöru viðræður um kjarasamninga í stað þess að setja hagsmuni sjávarútvegsins á oddinn. Ljóst er að allt er að sjóða upp úr í viðræðunum.

*Guðmundur Gunnarsson, formaður
Rafiðnaðarsambands Íslands: LÍÚ notar SA til þess að reyna að berja okkur til hlýðni og þeir vilja að við förum í verkfall því þá geta þeir staðið plottandi á hliðarlínunni og sagt ríkisstjórninni: Annað hvort semjið þið við okkur um kvótann eins og við viljum, það er að segja, sé ásættanlegt fyrir okkur, svo ég noti þeirra orðalag. Og ef þið gerið það ekki þá verður bara allt í verkföllum hérna. Ég er nú búinn að vera í kjarasamningum, fyrst lengi vel sem trúnaðarmaður á mínum vinnustað og síðan í forsvari fyrir sveitarfélög og í þessum bransa í 30 ár, og þetta er ógeðfelldasti leikur sem ég hef séð. Þetta er bara hreint út sagt glæpamennska gagnvart almennu launafólki.*

Stjórn Samtaka atvinnulífsins hvetur eindregið til samstöðu milli aðila vinnumarkaðarins, ríkisstjórnarinnar og Alþingis um að marka ATVINNULEIÐ út úr því kreppuástandi sem nú ríkir í atvinnulífinu og samfélaginu öllu og birtist í slæmri stöðu fjölda fyrirtækja og atvinnuleysi 14000 manns.

ATVINNULEIÐ byggir á kjarasamningum til þriggja ára með samræmdri launastefnu og launahækkunum í takt við nágrannalöndin með áherslu á kaupmáttaraukningu samfara lágri verðbólgu og aukinni atvinnu. Skynsamlegir kjarasamningar til þriggja ára eru ein meginforsenda stöðugleika og tiltrúar á batnandi tíð.

ATVINNULEIÐ byggir ennfremur á því að fjárfestingar í öllum greinum atvinnulífsins aukist, en sérstaklega í útflutningsgreinum, og að vöxtur í fjárfestingum og útflutningi varði leiðina út úr kreppunni. Samtök atvinnulífsins kalla eftir samstarfi ríkisstjórnar og Alþingis við aðila vinnumarkaðarins um að draga úr óvissu og skapa skilyrði fyrir stórauknum fjárfestingum í atvinnulífinu.

ATVINNULEIÐIN er leið uppbyggingar, framleiðslu og raunverulegra framfara.

Samtök atvinnulífsins standa frammi fyrir kröfum nokkurra fámennra hópa um tuga prósentu launahækkunar meðan almennt ríkir góður skilningur í verkalyðshreyfingunni um að ATVINNULEIÐIN sé samfélaginu fyrir bestu. Ekki er unnt að mæta slíkum ofurkröfum einstakra hópa þótt þeir geti valdið samfélaginu gríðarlegu tjóni með því að fylgja þeim eftir með verkföllum.

Tuga prósentu launahækkun í einstökum kjarasamningum mun á stuttum tíma flæða yfir allan vinnumarkaðinn, bæði í atvinnulífinu og hjá hinu opinbera og leiða af sér verðbólguöldu, enn lægra gengi krónunnar, meira atvinnuleysi, skattahækkunir og enn lakari lífsskjör. Einhverjir hópar á vinnumarkaðnum sem eru í sterkri stöðu gætu eflaust bætt sinn hag að einhverju leyti í slíku ástandi en meginþorri samfélagsins væri mun verr settur. Þetta er **VERÐBÓLGULEIÐIN** sem Samtök atvinnulífsins hafna algjörlega.

Samtök atvinnulífsins hafa í viðræðum við ríkisstjórnina lagt fram nokkur áherslumál sem þurfa að ná fram að ganga til að fjárfestingar aukist í atvinnulífinu og ný störf fari að skapast til skemmri og lengri tíma. Umgjörð og starfsskilyrði alls atvinnulífsins verða að vera hagstæð til þess að þjóðin komist út úr kreppunni.

- Lækka verður atvinnuþryggingagjald til samræmis við minna atvinnuleysi.
- Gera verður breytingar á skattamálum fyrirtækja þannig að skattar lækki og fyrirtæki og allt atvinnulífið fái aukið svigrúm til vaxtar.
- Afnema verður gjaldeyrishöft og skapa trúverðugar væntingar um hækkandi gengi krónunnar og stöðugleika.
- Opna verður fjármagnsmarkaði og lækka vexti og fjármagnskostnað.
- Ná verður sátt um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á grundvelli niðurstöðu endurskoðunarnefndar um svokallaða samningaleið en samstaða var um hana milli stjórnarflokkanna, tveggja stjórnarandstöðuflokka og helstu hagsmunaaðila.
- Gera verður átak til þess að koma stórum fjárfestingarverkefnum í atvinnulífinu á skrið, s.s. álverinu í Helguvík og tilheyrandi orkuframkvæmdum.

Þá leggja Samtök atvinnulífsins ennfremur áherslu á nokkur önnur mál sem snerta vinnumarkaðinn og framþróun atvinnulífsins. Sjá verður fyrir endann á þessum málum.

- Setja þarf af stað sérstök átaksverkefni í menntamálum í þágu atvinnulífsins og eflingu ferðaþjónustu utan sumartíma.
- Færa þarf yfirstjórn og framkvæmd atvinnuleysistrygginga til aðila vinnumarkaðarins.
- Afgreiða verður frumvarp til laga um greiðsluskyldu til Starfsendurhæfingarsjóðs.
- Grípa þarf til aðgerða til jöfnunar lífeyrisréttinda á vinnumarkaðnum.

Samtök atvinnulífsins telja það skyldu sína að standa fast gegn þeim hópum á vinnumarkaði sem nú gera kröfur um að VERÐBÓLGULEIÐIN verði farin enda leiðir hún til ófarnaðar fyrir samfélagið.

Samtök atvinnulífsins munu því á næstu vikum í þeirri mikilvægu lotu kjarasamninga sem stendur yfir gera allt sem er á valdi samtakanna til þess að ATVINNULEIÐIN verði fyrir valinu. Það er atvinnulífinu og þjóðinni allri fyrir bestu.

Samþykkt samhljóða á fundi stjórnar SA í Húsi atvinnulífsins, 1. febrúar 2011.